

Ytra mat grunnskóla

Sunnulækjarskóli

Febrúar 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Árborg.

Höfundar: Gunnhildur Harðardóttir og Björg Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2470-5

Innihald

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Sunnulækjarskóli	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4. Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2. Árangur náms	14
2.3 Gæði kennslu	18
2.4 Skipulag náms.....	19
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	21
Þáttur 3 – Innra mat	23
3.1 Skipulag	23
3.2 Framkvæmd.....	23
3.3 Umbætur	23
Þáttur 4 – Teymisvinna og teymiskennsla.....	25
4.1. Teymisvinna.....	25
4.2. Teymiskennsla	25
4.3. Tengsl stjórnenda og teyma	26
4.4. Samantekt.....	26

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Sunnulækjarskóla á Selfossi sem fór fram á vorönn 2020. Lagt var mat á fjóra matsþætti, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *teymiskennsla og teymisvinna*.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Verkaskipting stjórnenda er öllum ljós.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári.
- Séð er til þess að starfsmenn fái ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu.
- Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu.
- Mannauður er vel nýttur.
- Stjórnendur gefa svigrúm til starfsþróunar.
- Einelti meðal starfsmanna er marktækt minna en mælist meðal starfsmanna annarra skóla sem taka þátt í Skólapúlsinum.
- Foreldrar telja að skjótt sé brugðist við málum sem upp koma.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að upplýsingar á heimasíðu séu ávallt uppfærðar, réttar og þar sé hægt að finna grundvallarupplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Stjórnendur fylgist með að stefna skólans endurspeglar í kennsluháttum.
- Stjórnendur séu vakandi um samskipti og hafi frumkvæði að lausn ágreiningsmála í starfsmannahópnum.
- Huga þarf að markvissu samstarfi við hagsmunaaðila og sjá til þess að þeir hafi aðkomu að stefnumótun skólans.
- Efla þarf skráningu á framgangi þróunarverkefna sem og annarra verkefna og skilgreina ábyrgðaraðila svo hægt sé að meta framgang verkefna og stöðu.
- Upplýsa skólasamfélagið um framgang verkefna og niðurstaðna úr könnunum og prófum.
- Vinna þarf símenntunaráætlun þar sem þess er gætt að skráð sé og gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.
- Huga þarf að aðferðum til að bæta upplýsingaflæði til starfsmanna.
- Skerpa þarf á vinnu með Uppeldi til ábyrgðar.

Nám og kennsla

Styrkleikar:

- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika nemenda og mismunandi þörfum þeirra.
- Samskiptin í skólasamfélaginu eru jákvæð.
- Virðing ríkir innan skólasamfélagsins.
- Kennarar rýna saman í niðurstöður námsmats og fylgjast með árangri og framförum nemanda.
- Mönnun er góð og mannauður vel nýttur.
- Einelti í skólanum hefur minnkað á milli mælinga.
- Virkt samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Sjónarmiða nemenda er aflað með Skólapúlslinum.
- Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlslins er samsömun nemenda við nemendahópinn yfir landsmeðaltali.
- Bráðgerir nemendur eiga kost á að taka áfanga í framhaldsskóla.

Tækifæri:

- Tryggja þarf að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum.
- Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum og nýta teymiskennsluna til fjölbreyttari námsaðstæðna.
- Bæta þarf námsárangur í stærðfræði, efla áhuga nemenda á greininni, skrá markmið, leiðir og viðmið um árangur.
- Setja þarf markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir og tengsl markmiða kennslunnar við aðalnámskrá.
- Skrá þarf í námsvísa og áætlanir hvernig grunnþáttum menntunar er gerð skil og hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Skrá þarf í námsvísa og áætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein fyrir sig og vinna áætlun um sérstakan stuðning.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni sem og matskvörðum í skólanámskrá.
- Gera þarf nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og framvindu kennslustundarinnar.
- Þjálfar þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og nota það til að efla ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Tryggja þarf að nemendur fáist við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- Nýta betur umræður og skoðanaskipti sem markvissan hluta af kennslunni og nota samvinnu nemenda sem hluta af námi og kennslu.
- Þjálfar nemendur í að nýta upplýsinga- og samskiptatækni í náminu.
- Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað svo að nemendur viti hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.
- Gera þarf ráð fyrir ferðatíma í stundatöflu í tengslum við sund og íþróttir.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt skólastarfs.
- Þegar niðurstöður úr námslegum athugunum liggja fyrir eru þær ræddar meðal kennara.
- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (s.s. samræmd könnunarpróf og Lesferil) í innra mat sitt.

Tækifæri til umbóta

- Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma þar sem matsþættir eru settir fram og tilgreint er hvenær og hvernig þeir verða metnir.
- Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hver eru viðmið um árangur, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Gera tímasetta umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið í innra mati. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaáðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig mat verður lagt á umbætur.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Gæta þarf þess við öflun gagna að leita eftir sjónarmiðum viðeigandi hagsmunaaðila.
- Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.

Teymiskennsla og teymisvinna

Styrkleikar

- Námshópar eru að jafnaði fremur fámennir á hvern kennara og vel hugað að stuðningi annarra starfsmanna við nemendur.
- Teymisvinna skapar aðstæður til samræða um nám og kennslu og auðveldar að nýta hæfileika hvers og eins og ólíka styrkleika kennara fyrir fleiri nemendur.
- Teymiskennslan gefur kennurum tækifæri á að vinna með mörgum og ólíkum námshópum en um leið að sérhæfa sig í ákveðnu námsefni.
- Foreldrar eru fremur jákvæðir í garð teymiskennslunnar.

Tækifæri til umbóta

- Setja þarf fram áætlun um ávinning og framgang teymiskennslu og teymisvinnu með hagsmuni nemandans í fyrirrúmi.
- Tryggja enn frekar tengsl stjórnenda og teyma, s.s. með heimsóknum í kennslustundir og þátttöku á teymisfundum.
- Stjórnendur séu vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.
- Nýta mannauð til að skapa fjölbreyttari námsaðstæður fyrir nemendur.
- Skrá þarf í áætlanir hvernig einstaklingsmiða á nám nemenda.
- Huga þarf að því að allir nemendur fái verkefni við hæfi.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Sunnulækjarskóli

Sunnulækjarskóli stendur við Norðurhóla 1 á Selfossi. Skólinn tók til starfa árið 2004 og var þá fyrir nemendur í 1.-4. bekk en er nú heildstæður grunnskóli. Einkunnarorð skólans eru gleði, vinátta og frelsi.

Sérdeild Suðurlands er deild innan Sunnulækjarskóla og í daglegu tali nefnd Setrið. Hlutverk sérdeildar er að veita nemendum með sérþarfir á Suðurlandi fjölbreytt nám í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, í samvinnu við heimaskóla. Skólaárið 2019-20 stunda 37 nemendur nám við deildina og koma þeir úr sjö grunnskólum á Suðurlandi.

Úttekt á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis fór fram á Sunnulækjarskóla árið 2011 og skilaði skólinn umbótaáætlun til ráðuneytis í júní 2011. Fjallað verður um þá þætti sem nefndir eru í þeirri umbótaáætlun og þarfnast enn umbóta í þessari skýrslu. Niðurstöður þeirrar úttektar má finna á slóðinni:

https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/2523/utt_sunnulsk_selfossi_2011.pdf?sequence=1

Á vorönn skólaárið 2020 eru 716 nemendur í Sunnulækjarskóla. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	63	68	83	64	82	81	70	73	81	51
Fjöldi bekkjardeilda	4	4	4	3	4	4	3	3	3	2

Starfsmenn Sunnulækjarskóla eru 139. Stjórnendur eru sjö; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og fimm deildarstjórar sem skiptast á eftirfarandi hátt niður á deildir; deildarstjóri stoðþjónustu, deildarstjóri yngri deildar, deildarstjóri miðstígs, deildarstjóri eldri deildar og deildarstjóri sérdeildarinnar Seturs.

Kennarar eru 74 í 67,5 stöðugildum þar af starfa 12 kennarar sem sérkennarar. Af kennurum eru 17 leiðbeinendur í 15 stöðugildum. Við skólann starfa einnig námsráðgjafi og 12 þroskaþjálfar/iðjuþjálfar.

Við skólann er starfandi frístundaheimilið Hólar sem samnýtir húsnæði með skólanum en heyrir ekki undir skólastjóra.

Á þessu skólaári stunda 43 nemendur af erlendum uppruna nám við skólann og 14 nemendur stunda nám á öðru skólastigi. Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	4	6	3	2	5	7	8	5	7	5
Einstaklingsnámskrá	0	0	3	6	15	7	8	5	7	5
Sérkennsla og aðlagað námsefni	1	7	8	10	15	17	12	7	16	7

Fjöldi kennslustunda sem féllu niður haustið 2019 eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kennslustunda	0	0	0	0	0	0	0	78	99	27

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár. Sýn og stefnu skólans eru gerð skil í starfsáætlun og snúa helstu áhersluþættir skólans að teymisvinnu, teymiskennslu, einstaklingsmiðuðu námi, fjölbreyttum kennsluháttum og uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar sem ýtir undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn barna og unglinga, þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Starfsáætlun er nokkuð greinargóð, aðgengileg á heimsíðu skólans og inniheldur flesta þá þætti sem þar eiga að vera.

Skólanámskrá skólans er ekki að finna á heimasíðu í heildstæðu skjali en flest atriði sem koma eiga þar fram er hægt að finna í starfsáætlun eða annars staðar á heimasíðu.

Stjórnendur skólans eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu. Sameiginleg læsisstefna hefur verið gerð fyrir sveitarfélagið Árborg en samkvæmt henni útfærir hver skóli leiðir með fjölbreytilegum og einstaklingsmiðuðum kennsluaðferðum. Læsisstefnu skólans er ekki að finna á heimsíðunni.

Við gerð menntastefnu sveitarfélagsins sem unnin var 2018 voru hagsmunaaðilar skólasamfélagsins kallaðir til. Skólinn útfærði sína skólastefnu í framhaldi af þeirri vinnu og er stefnan yfirfarin árlega af stjórnendum. Fram kom í rýnihópum foreldra, nemenda og skólaráðs að skipulagt samráð um stefnumótun skólans sé ekki haft við alla hagsmunaaðila, frekar sé um að ræða kynningu á stefnunni eða óformlegar umræður.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna innan og utan skóla og eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsfólks. Skólastjóri hefur yfirlit yfir símenntun starfsmanna. Símenntunaráætlun starfsmanna er ekki að finna í opinberum gögnum skólans.

Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og auðveldar skipulag skólans slíkt samstarf. Kennara- og teymisfundir kennarateyma eru haldnir reglulega en starfsmannafundir einu sinni til tvisvar á skólaárinu. Reglulega eru samstarfsfundir kennara þar sem fagleg umræða um nám og kennslu fer fram og eru kennarar hvattir til að rýna saman í árangur nemenda út frá gögnum um framfarir nemenda.

Samkvæmt skólastjórnendum liggur fundaráætlun skólaársins fyrir en starfsmannafundir eru ekki tímasettir. Í rýnihópi starfsmanna, annarra en kennara, kom fram að reglulegir fundir séu ekki með stuðningsfulltrúum en þeir kallaðir til ef þurfa þykir.

Í rýnihópum kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Að öllu jöfnu telja starfsmenn að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð. Í viðtölum kom þó fram að starfsmenn skólans telja að upplýsingastreymi sé oft ábótavant og að mikilvægar upplýsingar berist ekki til alls hópsins, til dæmis telja stuðningfulltrúar sig skorta upplýsingar um skjólstæðinga sem

þeir vinna með. Í áður nefndri ytri úttekt á skólanum 2011 kom einnig fram að upplýsingagjöf til starfsmanna væri ábótavant.

Lögð var könnun fyrir starfsmenn á vegum Skólapúlsins skólaárið 2018-2019. Niðurstöður sýna að í matsþætti sem snýr að viðhorfum starfsmanna til skólans eru allir undirþættir marktækt undir landsmeðaltali en þeir snúa að starfsánægju, starfsanda, stjórnun skólans, upplýsingastreymi innan skólans og starfsumhverfi. Þá kemur einnig fram í svörum kennara að faglegur stuðningur skólastjórnenda er marktækt undir landsmeðaltali. Þá eru þættir sem snúa að valddreifingu við ákvarðanatöku og mati og endurgjöf frá stjórnendum til kennara einnig marktækt undir landsmeðaltali. Einelti mælist marktækt minna í starfsmannahópi Sunnulækjarskóla en í starfsmannahópum annarra skóla sem taka þátt í könnunum Skólapúlsins.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu og samskipti við foreldrafélag eru góð. Leitað er eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnunum á vegum Skólapúlsins en að öðru leyti er ekki markvisst leitað eftir hugmyndum foreldra. Óformlegar leiðir, svo sem foreldraviðtöl, eru nýtt til að auka samskipti við foreldra.

Matsmenn Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið. Foreldrar 244 barna svöruðu könnuninni og var svarhlutfall rúmlega 34%. Hlutfall svara var nokkuð jafnt eftir árgöngum en fæst svör bárust frá foreldrum nemenda í 10. bekk. Fram kom að tæplega 82% foreldra sem svöruðu eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með skólann og kom það einnig fram í rýnihópi foreldra. Rúmlega 62% voru mjög eða frekar sammála því að skólanum væri vel stjórnað.

Einnig var spurt hvort foreldrar telji að þeir fái reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barna sinna og voru rúmlega 68% foreldra mjög eða frekar sammála. Fullyrðingin „Barninu mínu líður vel í skólanum“ var sett fram og svöruðu rúmlega 81% foreldra því til að þeir væru mjög eða frekar sammála. Rúmlega 79% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að barnið þeirra njóti sanngirni og virðingar í skólastarfinu. Rúmlega 80% foreldra telja að barnið fái hvatningu og áskoranir sem mikilvægar eru í námi þess.

Foreldrar voru einnig spurðir að því hvort leitað væri til þeirra eftir tillögum eða hugmyndum sem snerta skólastarfið og voru tæplega 25% svöruðu að þeir væru mjög sammála eða frekar sammála. Rúmlega 48% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að ábendingar þeirra séu teknar til greina.

Einnig var spurt á hvern hátt skólinn gæti leitað eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið. Alls komu fram 178 ábendingar og leiðir til aukinnar samvinnu og ljóst að foreldrar eru tilbúnir til samstarfs við skólann. Allmikill samhljómur var meðal svarenda og snéru ábendingar aðallega að því að skólinn gæti sent út spurningalista og kannanir um ákveðin málefni, leitað samstarfs um gerð reglna er snúa að skólastarfinu, boða til foreldrafunda og/eða rýnihópafunda með foreldrum árganga, haft hugmyndabanka/hnapp á heimasíðu og að skólinn taki vel á móti þeim athugasemdum sem berast frá foreldrum.

Foreldrafélagið stendur meðal annars fyrir „Kakófundu“ sem boðaður er fyrir foreldra alla jafna þrisvar sinnum á skólaárinu. Foreldrafélagið styður fjárhagslega við „Fyrirliðaverkefnið“ sem snýr að því að virkja nemendur í frímínútum.

Umfjöllun um stoðþjónustu skólans er að finna í starfsáætlun á heimasíðu skólans. Fram kemur í rýnihópi kennara að þeir minnst á stoðþjónustuna á kynningarfundum í upphafi skólaársins en ekki sé um beina kynningu að ræða. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir hafi ekki fengið kynningu á stoðþjónustu skólans.

Í starfsáætlun er ekki getið um samstarf skólans við önnur skólastig en á heimasíðu má finna samstarfsáætlun leik- og grunnskólanna í Árborg. Í viðtölum við stjórnendur skólans kom fram að skólinn væri einnig í samstarfi við Framhaldsskóla Suðurlands og Tónlistarskóla Árnesinga.

Skólaráð fundar að jafnaði tvisvar sinnum á skólaári undir stjórn skólastjóra. Fundargerðir skólaráðs er birtar á heimasíðu skólans. Skipan í skólaráð er samkvæmt lögum og reglugerðum. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að ráðið hafi ekki sett sér vinnureglur eða starfsáætlun. Upplýsingar um ákveðna hluta skólastarfsins eru kynntar í ráðinu, svo sem rekstraráætlun og starfsáætlun. Fulltrúar skólaráðs telja sig ekki hafa beina aðkomu að stefnumótun skólans, ekki vera upplýsta um niðurstöður skimana og kannana né sjá umbótaáætlanir. Skólaráð hefur ekki haldið formlegan opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og mælst er til í reglugerð.¹

1.4. Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi skólastjórnenda og annarra starfsmanna. Ýmsar skimanir og kannanir, svo sem Skólapúlsinn og Lesferill, eru reglubundið lagðar fyrir nemendur og nýttar til að fá mynd af líðan og námsárangri. Stjórnendur hafa skýra sýn er varðar stefnu skólans en fylgja þarf henni markvisst eftir. Stjórnendur sjá til þess að starfsmenn fái ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu.

Samkvæmt samtali við skólastjóra hefur flaggskip skólans frá upphafi verið teymisvinna, einstaklingsmiðað nám og opni skólinn þar sem áhersla er á teymishugsun ásamt fleiri þáttum.

Sveitarfélagið Árborg hefur einnig gefið út menntastefnu þar sem áherslurættir snúa annars vegar að vellíðan nemenda og starfsfólks og hins vegar að fjölbreyttum námsleiðum, frumkvæði, samvinnu og nýsköpun. Skólinn hefur síðast liðin ár unnið að þróunarverkefninu „Af litlum neista“ sem er samstarfsverkefni allra grunnskólanna í Árborg. Megináherslur verkefnisins í ár eru að efla samskipti og leita fjölbreyttra leiða til að efla orðaforða nemenda.

Fram kom í rýnihópum kennara og stjórnenda að of mikill tími færi í innleiðingu á verkefnum sem kæmu frá skólaþjónustu Árborgar og kæmi það niður á vinnu skólans við þá áherslurætti sem eru í stefnu hans. Sem dæmi um þátt sem nefndur var í þessu samhengi að sinna þyrfti betur og skerpa á vinnulagi við er vinna með uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar. Í áður nefndri ytri úttekt frá 2011 kom fram að vinna þurfi markvissar að innleiðingu stefnunnar.

1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Ýmsar upplýsingar um starfsemi skólans er að finna á heimasíðunni en mikilvægar upplýsingar um skólastarfið eru ekki birtar svo sem námsvísar/bekkjarnámskrár.

Í rýnihópi foreldra kom fram að sátt ríkir um stjórnendur skólans og skjótt er brugðist við þeim málum sem upp koma. Í rýnihópum starfsfólks og kennara kom fram að efla þurfi upplýsingaflæði innan skólans og daglegt skipulag, sérstaklega það sem snýr að skyndilegum breytingum á dagsskipulagi. Þá

¹ Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2002.

kom fram að skerpa þurfi á ýmsum ferlum sem tengjast skólastarfinu og að ekki er til skráð verklag eða vinnuferlar varðandi ágreiningsmál starfsmanna. Óskað var eftir að til væru opinberir ferlar um lausn ágreiningsmála og að stjórnendur beittu sér að lausn samskiptavanda um leið og hans verður vart.

Skólareglur og viðurlög eru til staðar og birtar á heimasíðu skólans og ríma þær við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins. Skólareglur voru síðast endurskoðaðar í heild 2015. Bekkjarsáttmálar sem unnir eru út frá hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar eru ekki mjög sýnilegir í námsumhverfinu.

Skólasamfélagið hefur sameinast um verklag varðandi farsímanotkun nemenda í skólanum en á vettvangi mátti sjá að það verklag er oft virt að vettugi.

Nemendafélag er við skólann og til er skráð ferli um hvar nemendur eiga aðkomu að nefndum og ráðum en öðrum nemendum er ekki markvisst kynnt í hvaða nefndum nemendur eiga aðkomu né hverjir þeir eru. Ekki er til skráð ferli um hvernig nemendur geta kynnt og upplýst samnemendur um stöðu mála en fram kom í rýnihópi nemenda að gengið sé í bekkni á unglingsstigi með tilkynningar en nemendur á yngri stigum eru ekki upplýstir.

Skólastjóri í samstarfi við sveitarfélagið fylgist með að aðbúnaður skólans sé öruggur og unnið sé að úrbótum. Nemendur hafa fengið fræðslu um netöryggi.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Skipurit skólans er að finna í starfsáætluninni.

Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli. Stjórnendur fylgjast óformlega með störfum starfsmanna en fylgjast ekki reglulega með kennslu né veita endurgjöf á störf kennara.

Leitast er við að skipa kennslu þannig að menntun og sérhæfing hvers og eins nýtist sem best. Nýir starfsmenn funda með deildarstjórum að hausti og unnið er samkvæmt móttökuáætlun nýrra starfsmanna. Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sinna eigin starfsþróun og kennarar og aðrir starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar. Ábyrgð og verkaskipting stjórnenda er skýr. Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram að þeir upplifa traust og umboð til starfa sinna. Mannauður skólans er vel nýttur en dreifing ábyrgðar og verkefnastjórnunnar er takmörkuð.

Unnið er að jafnlaunavottun skólans og samhliða þeirri vinnu er unnið að breytingum á starfslýsingum starfsmanna.

Fram kom hjá rýnihópum og hjá stjórnendum að starfsmenn njóti trausts og beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum eins og teymiskennslu, teymisvinnu og Uppeldi til ábyrgðar.

Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru ekki vel skilgreind eða skráð þannig að hægt sé að fylgjast með og meta hvernig þeim miðar og hvað þurfi til að bæta árangur.

Styrkleikar

- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Verkaskipting stjórnenda er öllum ljós.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári.
- Séð er til þess að starfsmenn fái ráðgjöf og stuðning við þróunarvinnu.
- Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu.
- Mannauður er vel nýttur.
- Stjórnendur gefa svigrúm til starfsþróunar.
- Einelti meðal starfsmanna er marktækt minna en mælist meðal starfsmanna annarra skóla sem taka þátt í Skólapúlsinum.
- Foreldrar telja að skjótt sé brugðist við málum sem upp koma.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að upplýsingar á heimasíðu séu ávallt uppfærðar, réttar og þar sé hægt að finna grundvallarupplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Stjórnendur fylgist með að stefna skólans endurspeglar í kennsluháttum.
- Stjórnendur séu vakandi um samskipti og hafi frumkvæði að lausn ágreiningsmála í starfsmannahópnum.
- Huga þarf að markvissu samstarfi við hagsmunaaðila og sjá til þess að þeir hafi aðkomu að stefnumótun skólans.
- Efla þarf skráningu á framgangi þróunarverkefna sem og annarra verkefna og skilgreina ábyrgðaraðila svo hægt sé að meta framgang verkefna og stöðu.
- Upplýsa skólasamfélagið um framgang verkefna og niðurstaðna úr könnunum og prófum.
- Vinna þarf símenntunaráætlun þar sem þess er gætt að skráð sé og gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.
- Huga þarf að aðferðum til að bæta upplýsingaflæði til starfsmanna.
- Skerpa þarf á vinnu með Uppeldi til ábyrgðar.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna Árborgar endurspeglar að hluta í skólastarfi Sunnulækjarskóla. Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika nemenda og mismunandi þörfum þeirra. Á vettvangi sást að skólinn kemur til móts við þarfir nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með hópaskiptingu eftir námslegri stöðu, sérkennsluúrræðum, stuðningi stoðkennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og þroskaþjálfara inni í námshópum eða á sérstökum svæðum. Umsjónarkennarar og sérkennarar sjá um gerð einstaklingsnámskráa fyrir nemendur sem víkja frá aðalnámskrá í námi. Í rýnihópum kennara og foreldra kom fram að foreldrar hefðu ekki beina aðkomu að gerð einstaklingsnámskrár fyrir utan að staðfesta hana með undirskrift. Áætlun um sérstakan stuðning við nemendur er ekki að finna. Heildstæða námsvísa fyrir árganga er ekki að finna á heimasíðu skólans en gerðar hafa verið áætlanir yfir námslotur á ársgrundvelli með lýsingu á faginu, yfirmarkmiðum, námsgögnum, hæfniviðmiðum, kennsluháttum og almennum upplýsingum um námsmat. Á haustin eru haldnir fundir fyrir foreldra þar sem námsefni vetrarins er kynnt ásamt skólastarfinu. Foreldrar og nemendur geta ekki séð hver heildarframgangur námsgreina er frá 1.-10. bekk. Áherslur grunnþátta menntunar, lykilhæfni og á hvern hátt námsaðlögun er útfærð er ekki að finna í áætlunum.


2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri nemenda og hann skráður í Mentor. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og annars mats og nýta þær til að auka framfarir nemenda. Stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda liggur ekki fyrir. Samkvæmt viðtölum við nemendur hafa þeir ekki verið upplýstir um heildarniðurstöður skólans á samræmdum prófum né leiðir að markmiðum og viðmið um árangur í framhaldi niðurstaðna.

Samræmd könnunarpróf


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Niðurstöður samræmdra prófa sýna að árangur 4. bekkjar í íslensku hefur batnað frá síðasta ári og er nú rétt yfir landsmeðaltali eftir að hafa verið undir og við meðaltal síðast liðin þrjú ár. Stærðfræði er undir landsmeðaltali og hefur verið það frá 2015. Dreigið hefur sundur með fögunum síðast liðin tvö ár (mynd 1).




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum

Árangur nemenda í 7. bekk í stærðfræði hefur verið undir landsmeðaltali frá árinu 2017 og er nokkuð undir landsmeðaltali árið 2019. Í íslensku hefur árangur sveiflast kringum meðaltalið frá árinu 2015 en hefur verið við meðaltal undanfarin tvö ár (mynd 2).




Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk í stað 10. bekkjar og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda í 9. bekk var undir landsmeðaltali í öllum þremur fögunum 2017 en árið 2019 nær íslenskan landsmeðaltali (mynd 3).




Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum

Síðasta árið sem samræmd könnunarpróf voru haldin í 10. bekk var 2017. Árangur 10. bekkjar hafði þá verið undir landsmeðaltali síðust tvö árin (mynd 4).



Mynd 4. Árangur nemenda í 10. bekk á samræmdum könnunarprófum


Þegar árangri árganga er fylgt eftir sést að árangur árganga milli prófa eflist hjá sumum árgöngum en dalar hjá öðrum (mynd 5).



Mynd 5. Árgangaþróun á samræmdum könnunarprófum

Í ytri úttekt frá 2011 kemur fram að rýna þurfi í ástæður lakrar frammistöðu nemenda í samræmdum prófum. Samkvæmt ofangreindum niðurstöðum úr samræmdum prófum er ljóst að enn er vandi hvað varðar stöðu nemenda í stærðfræði.

Mynd 6 sýnir leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit). Þegar línuritið er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) er rétt um og yfir landsmeðaltali. Samkvæmt niðurstöðum úr könnunum Skólapúlsins kemur fram að ánægja af lestri nemenda í 6.-10. bekk mælist við meðaltal.



Mynd 6. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiða (til vinstri) og meðaltal lesinna orða og viðmiðmið (til hægri).


Skólinn tekur þátt í könnunum á vegum Skólapúlsins til að afla upplýsinga hjá nemendum 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum og virkni í námi. Einnig eru almennar spurningar um skólastarf og bekkjaranda. Niðurstöður könnunar skólaárið 2019-2020 sýna að flest allir þættir eru um og við landsmeðaltal. Þeir þættir er snúa að líðan og heilsu byggja á níu undirþáttum og eru þeir allir við landsmeðaltal. Þeir þættir sem marktækt eru yfir landsmeðaltali snúa annars vegar að endurgjöf kennara á námslegri stöðu til nemenda og hins vegar að samsömun nemanda við nemendahópinn (*á auðvelt með að eignast vini, tilheyri ég hópnum, líkar öðrum við mig, er allt í besta lagi*) en skólinn er í þessum þáttum marktækt yfir meðaltali. Sá þáttur sem er marktækt undir landsmeðaltali snýr að áhuga nemenda á stærðfræði þar sem nemendur eru spurðir hvort þeir hafi gaman af því að lesa texta sem fjalla um tölur, hlakki til stærðfræðitíma, sinni náminu vegna þess að þeim finnst gaman og að lokum hvor þeir hafi áhuga á því sem þeir eru að læra í stærðfræði. Þessi þáttur hefur verið undir meðaltali

frá skólaárinu 2016-2017. Tíðni eineltis hefur minnkað á milli ára innan skólans og er nú um landsmeðaltal.

2.3 Gæði kennslu

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja nemendur. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsmenn voru á vettvangi í 49 kennslustundum og hjá 66% af kennurum skólans. Matsmenn fóru í kennslustundir hjá öllum árgöngum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar stundir voru metnar góðar en einhverjir mikilvægir þættir þörfuðust umbóta í tæplega helmingi metinna kennslustunda og má þar sem dæmi nefna fjölbreyttari kennsluhætti, markvissari innlagnir og upplýsingar um framgang og markmið kennslustundarinnar. Kennarar sýndu nær allir fagmennsku og kennslufræðilega hæfni á vettvangi. Nemendur voru almennt nokkuð virkir við vinnu í kennslustundum. Á vettvangi sáu matsmenn nær eingöngu fræðandi kennslustundir eða 92% af þeim stundum sem metnar voru. Stefna skólans um fjölbreytta kennsluhætti speglast því ekki í þeim stundum sem matsmenn voru í.



Mynd 7. Kennsluáherslur

Í miklum meirihluta þeirra stunda sem matsmenn heimsóttu var nemendum hvorki gerð grein fyrir framgangi og markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni. Kennarar vísuðu í að heildarmarkmið og hæfniviðmið námsgreinarinnar væri að finna í Mentor. Yfirferðaráætlanir sem lágu fyrir í kennslustundum innihéldu í flestum tilvikum upplýsingar um blaðsíðutal sem vinna átti með í stundinni en fjölluðu hvorki um hæfni né matsþætti en einnig mátti sjá lotuáætlanir þar sem kennarar höfðu áætlað efni fyrir nemendur og þar voru markmið oft sýnileg.

Í rýnihópum nemenda kom fram að spyrji þeir út í viðmið sé þeim vísað á Mentor og að þeir fái ekki upplýsingar um markmið verkefna né persónulega endurgjöf á námslega stöðu nema í foreldraviðtölum. Nemendur könnuðust ekki við að rætt væri um grunnþætti menntunar við þá né

lykilhæfi og hvernig þessir þættir tengdust námi þeirra. Í kennsluáætlunum er almennt ekki talað um námsaðlögun en á vettvangi sást að aðlögun náms fór að mestu fram með getuskiptingu í hópum. Í rýnihópum kom fram að námsmat væri fjölbreytt og oft í formi símats. Nemendur könnuðust við sjálfsmat og fleiri tegundir af námsmati.


Í rýnihópum kom fram að bráðgerir nemendur á unglingastigi eigi kost á að taka áfanga á framhaldsskólastigi en almennt var ekki sýnilegt á vettvangi að þeir nemendur fengju nám við hæfi. Eins og fyrr segir var hópaskipting nemenda á öllum stigum tengd getu nemenda. Námsefni og kennsluhættir voru engu að síður oftast sambærileg milli hópanna og markmið skiptingarinnar því ekki alltaf ljós.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið kemur fram að 80% foreldra svara að barn þeirra taki stöðugum framförum í náminu. Þá eru tæplega 78% sammála því að umsjónarkennari fylgist reglulega með námi barnsins.

2.4 Skipulag náms

Umsjónarkennarar sinna kennslu í 1.-7.bekk saman í teyllum en faggreinakennsla er á unglingastiginu og skiptast teymin þar eftir fögum. Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á kennara var frá fjórum til 28. Viðvera stuðningsfulltrúa í stundinni er ekki inni í þessum tölum né tímar í sérkennslu. Samskipti voru almennt jákvæð innan nemendahópsins og milli nemenda og kennara.

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda og snúa að sjálfstæðu námi sem er einstaklingsvinna, samvinna eða blöndu af hvoru tveggja. Í kennslustundum sem metnar voru unnu nemendur einstaklingslega í 76% kennslustunda. Samvinna var í 6% kennslustunda og í 18% stunda mátti sjá blöndu af báðum þessum námsstílum. Umræður og skoðanaskipti voru ekki markvisst notuð.



Mynd 8. Námsathafnir

Við matið er einnig horft til notkunar nemenda og kennara á upplýsingatækni í skólastarfinu. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir upplýsingatækni að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Á vettvangi sáu matsmenn almennt ekki mikið af kennslustundum þar sem upplýsingatækni var nýtt, hvorki af hálfu kennara né nemenda. Nemendur nýttu upplýsingatækni í 8% kennslustunda eða í fjórum stundum og þá sem orðabækur eða

til upptöku á verkefni. Kennarar nýttu upplýsingatækni í 12% metinna stunda eða í sex kennslustundum. Fram kom í rýnihópum að tölvukostur skólans væri lítill og tækni til að uppfæra efni á spjaldtölvurnar væri ekki góð.

Umsjónarkennarar skrá í Mentor og senda tölvupósta heim með upplýsingum um skólastarfið og framvindu. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári. Á skólaárinu hafa orðið breytingar á starfsmannahaldi og nýir kennarar og leiðbeinendur tekið til starfa. Á vettvangi voru nýir kennarar og leiðbeinendur sem höfðu hafið störf á miðjum vetri. Í rýnihópum kom fram að miklar breytingar hefðu orðið í sumum teymum sem hefði áhrif á nemendahópinn. Þá kom það skýrt fram í foreldrakönnun að sumir árgangar hafi orðið fyrir mjög tíðum kennaraskiptum sem geti haft áhrif á líðan og námslega stöðu nemenda.

Skólasamfélagið tengist grenndarsamfélaginu á ýmsan hátt, bæði með starfstengdu námi, framhaldsskólaáföngum og samstarfi við leikskóla. Á vettvangi sáu matsmenn leikskólabörn í heimsókn en samstarfið við leikskólana er það eina sem er til skráð.

Kennslustundafjöldi nemenda er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár í bóklegum fögum. List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum hjá 1. – 8. bekk þar sem nemendur eru þrjár (1. og 2. bekkur) eða fjórar (3. – 8. bekkur) kennslustundir á viku í sex vikur í einu í hverri grein. Þessi tímafjöldi nær ekki að uppfylla viðmið aðalnámskrár. Samkvæmt upplýsingum skóla er auk þess gert ráð fyrir að kenndar séu um tvær vikustundir í hönnun og sjónlistum hjá 1. – 7. bekk þannig að lítið vantar á að viðmiðum sé náð. Þessar tvær stundir eru ekki skráðar í stundaskrá nemendanna og ekki er fjallað um þær í námslotum/kennsluáætlunum bekkjanna.

Á unglíngastigi eiga val tímar að vera fimmtungur námstímans eða rúmlega sjö kennslustundir á viku. Hjá Sunnulækjaskóla vantar eina vikustund upp á að valið nái viðmiðum.

Hjá 8. bekk er auk smiðjukennslunnar boðið upp á list- og verkgreinar í vali. Í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar eingöngu kenndar í vali. Að bjóða upp á list- og verkgreinar í vali uppfyllir ekki þau ákvæði að nemendur unglíngastigs eigi að fá um þrjár vikustundir að meðaltali á ári auk val tíma. Sú tilhögun að tvítelja tíma það er bæði sem list og verkgreinatíma og val tíma getur ekki uppfyllt viðmiðunarstundir. List- og verkgreinakennsla sem val á að vera viðbót við aðra list- og verkgreinakennslu. Með þessu fyrirkomulagi geta nemendur valið sig alveg frá list- og verkgreinatímum í 9. og 10. bekk.

Í samtölum við kennara og á vettvangi sáu matsmenn að kennslustundir voru skertar þegar íþróttatímar féllu að öðrum tímum á stundaskrá, snerti það bæði íþróttatíma og nærliggjandi tíma.

Almennt er ekki gert ráð fyrir ferðatíma í stundatöflu þegar nemendur fara í sund þar sem aka þarf milli staða.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt nokkuð virkir í þeim kennslustundum sem matsmenn heimsóttu og unnu oftast að sömu verkefnum eftir fyrirmælum kennara. Nemendur fá stundum, að þeirra sögn, áætlanir frá sumum kennurum um námsefni tímabilsins. Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir áætla nám sitt ekki sjálfir og fá ekki þjálfun til þess. Val um námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl var ekki sýnilegt í kennslustundum né kom fram í kennsluáætlunum. Nemendur telja sig sjaldan fá að ráða með

hverjum þeir vinni þegar unnið er í hópum eða hvernig framsetning verkefna er. Eins og fyrr segir sáu matsmenn ekki fjölbreytta kennsluhætti á vettvangi né þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendur nýttu ekki fjölbreyttar leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og lítil notkun var á tölvukosti skólans. Áhugasvið nemenda var ekki sýnilegt í verkefnum þeirra.

Nemendur nefndu að hjá nokkrum kennurum hefðu þeir meira val um útfærslu og skil verkefna án þess að geta haft val um verkefnið sjálft. Nemendur hafa heyrt talað um hæfniviðmið hjá einstaka kennurum. Þeir nýta Mentor og telja sig hafa aðgang að hæfniviðmiðum þar án þess að vita mikið um þau en töldu þessar upplýsingar vera í Mentor. Fram kom í rýnihópi eldri nemenda að námsmat sé oftast á formi skriflegra prófa en nefndu einnig munnleg próf og að sjálfsmat sé notað í einhverjum fögum en það fari eftir því hvaða kennari eigi í hlut hvernig námsmati sé háttað. Í námsvísun koma ekki fram viðmið um árangur og hvernig námsmati greinarinnar er háttað.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélagi Sunnulækjarskóla eru jákvæð og einkennast af virðingu. Á vettvangi sást að nemendur og starfsfólk koma fram af virðingu við hvert annað og samvinna ríkir innan nemendahópsins. Sjórnarmiða nemenda varðandi líðan og félagslegar aðstæður koma fram í Skólapúlsinum og í rýnihópum kom fram að hlustað er á sjórnarmið þeirra, komi þau fram. Engin formlegur vettvangur er fyrir sjórnarmið nemenda varðandi nám þeirra og skipulag skólastarfs, né heldur er til skráð verklag um hvernig því sé háttað. Í rýnihópum kom fram að nemendur vinna verkefni í bundnu vali þar sem þeir geta komið með ábendingar um skólastarfið en það er eingöngu fyrir 10. bekk. Nemendur fá því ekki þjálfun í að koma sjórnarmiðum sínu á framfæri né tækifæri til þess að hafa áhrif á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og nemendafélaginu en fram kom í rýnihópum að þeir fái enga þjálfun í því að taka þátt í slíku starfi. Upplýsingar og ákvarðanir sem teknar eru í skólaráði og nemendafélaginu eru öðrum nemendum ekki aðgengilegar.

Styrkleikar:

- Virðing er borin fyrir fjölbreytileika nemenda og mismunandi þörfum þeirra.
- Samskiptin í skólasamfélaginu eru jákvæð.
- Virðing ríkir innan skólasamfélagsins.
- Kennarar rýna saman í niðurstöður námsmats og fylgjast með árangri og framförum nemanda.
- Mönnun er góð og mannauður vel nýttur.
- Einelti í skólanum hefur minnkað á milli mælinga.
- Virkt samstarf er við grenndarsamfélagið.
- Sjórnarmiða nemenda er aflað með Skólapúlsinum.
- Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins er samsömun nemenda við nemendahópinn yfir landsmeðaltali.
- Bráðgerir nemendur eiga kost á að taka áfanga í framhaldsskóla.

Tækifæri:

- Tryggja þarf að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum.
- Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum og nýta teymiskennsluna til fjölbreyttari námsaðstæðna.

- Bæta þarf námsárangur í stærðfræði, efla áhuga nemenda á greininni, skrá markmið, leiðir og viðmið um árangur.
- Setja þarf markmið kennslu og verkefna í kennsluáætlanir og tengsl markmiða kennslunnar við aðalnámskrá.
- Skrá þarf í námsvísa og áætlanir hvernig grunnþáttum menntunar er gerð skil og hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Skrá þarf í námsvísa og áætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein fyrir sig og vinna áætlun um sérstakan stuðning.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni sem og matskvörðum í skólanámskrá.
- Gera þarf nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og framvindu kennslustundarinnar.
- Þjálfa þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og nota það til að efla ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Tryggja þarf að nemendur fái við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- Nýta betur umræður og skoðanaskipti sem markvissan hluta af kennslunni og nota samvinnu nemenda sem hluta af námi og kennslu.
- Þjálfa nemendur í að nýta upplýsinga- og samskiptatækni í náminu.
- Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað svo að nemendur viti hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.
- Gera þarf ráð fyrir ferðatíma í stundatöflu í tengslum við sund og íþróttir.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Eins og fyrr segir eru kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir nemendur árlega og annað hvert ár fyrir foreldra og starfsmenn. Starfsmannasamtöl eru tekið við starfsfólk skólans einu sinni á ári. Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega ásamt því að lagðar eru fyrir tengslakannanir.

Nemendur 4., 7. og 9. bekkja taka samræmd könnunarpróf og Lesferill (matstæki Menntamála-stofnunar sem metur grunnþætti læsis er lagður er fyrir nemendur skólans. Nýtt eru ýmis önnur greiningartæki við mat á stöðu nemenda.

Umfjöllun um innra mat er ekki að finna í starfsáætlun skólans en fjallað er um matið í sjálfsmatskýrslum skólans.

Skólinn birtir upplýsingar um niðurstöður kannana Skólapúlsins í matskýrslu. Þar eru niðurstöður skólans bornar saman við sambærilega skóla sem taka þátt í Skólapúlsinum og settar fram sem sterkar hliðar, í jafnvægi og veikar hliðar sóknarfæri.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og eru hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Framkvæmd innra mats skóla er á ábyrgð skólastjóra. Matið byggir á margvíslegum upplýsingum og gagnaöflunaraðferðum. Gögn skólans sem unnt er að nýta við innra mat eru fjölbreytt en vinna þarf úr þeim öllum á formlegan hátt.

Við skólann er ekki starfandi teymi um innra mat sem sér um framkvæmd og úrvinnslu matsins. Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem kennarar, aðrir starfsmenn, nemendur, foreldrar og skólaráð hafa ekki bein áhrif og aðkomu að skipulagi og framkvæmd innra mats. Ýmis gögn eru kynnt skólaráði en skortur er á upplýsingum um gögn sem snúa að innra mati. Nemendum eru ekki kynntar upplýsingar um niðurstöður kannana og prófa.

3.3 Umbætur

Á heimsíðu skólans má finna skýrslur sem fjalla um innra mat skólans þar sem fram koma grundvallar upplýsingar um matið. Þar er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Skráðir eru þeir þættir sem verða forgangsatríði í umbótum skólaárið 2019-2020.

Áætlanir um innra mat til lengri tíma liggja ekki fyrir. Sóknarfæra er getið en þau eru ekki sett fram sem markmið sem stefnt er að. Ekki er fjallað um viðmið um árangur, hvaða leiðir eru að markmiðum, verkferla né ábyrgðaraðila. Í umfjöllun er ekki að finna að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst. Í fyrri úttekt á skólanum frá 2011 er einnig bent á að umbóta sé þörf í samfellu innra mats.

Í rýnihópum starfsmanna og skólaráðs kom fram að niðurstöður kannana og umbótaáætlanir eru ekki lengur kynntar þeim. Í rýnihópum nemenda kom einnig fram að þeir væru ekki upplýstir um þessa þætti. Í rýnihópi kennara kom fram að farið væri yfir niðurstöður úr námslegum athugunum en ekki væri lengur kynntar niðurstöður Skólapúlsins og annarra sambærilegra kannana. Fram kemur í úttekt

2011 að einn af þeim þáttum sem þarfnaðist umbóta af skólans hálfu væri að kynna innra mat skólans betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

Matsþættir Skólapúlsins byggja á stöðluðum spurningum til nemenda og foreldra en þættir sem snúa að stefnu skólans eins og teymiskennsla, teymisvinna og Uppeldi til ábyrgðar eru ekki metnir á markvissan hátt.

Eitt af verkefnum innra mats er að stjórnendur meti kennslu og veiti endurgjöf en það hefur ekki tíðkast við skólann til þessa. Samkvæmt samtölum við stjórnendur er stefnt að því að ytri mati loknu.

Vel er tekið á málum innan skólans þegar upp koma verkefni sem krefjast þess að skjótt sé brugðist við með umbótum en formleg áætlun er ekki gerð.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt skólastarfs.
- Þegar niðurstöður úr námslegum athugunum liggja fyrir eru þær ræddar meðal kennara.
- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (s.s. samræmd könnunarpróf og Lesferil) í innra mat sitt.

Tækifæri til umbóta

- Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma þar sem matsþættir eru settir fram og tilgreint er hvenær og hvernig þeir verða metnir.
- Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hver eru viðmið um árangur, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Gera tímasetta umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið í innra mati. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaáðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig mat verður lagt á umbætur.
- Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Gæta þarf þess við öflun gagna að leita eftir sjónarmiðum viðeigandi hagsmunaaðila.
- Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur og upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur.

Þáttur 4 – Teymisvinna og teymiskennsla

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Stuðst er við viðmið um teymiskennslu úr erlendum og innlendum rannsóknum.

Í stefnu skólans kemur fram að teymisvinna kennara sé ein af stoðum skólans þar sem kennarar vinna saman að því að bæta og efla nám allra nemenda og deila ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd kennslunnar. Fram kemur einnig að teymiskennslan skapi fjölbreytta möguleika á skiptingu nemenda í námshópa og mismunandi samvinnuforms. Á þann hátt skapast möguleikar á að koma betur til móts við alla nemendur. Kennarateymin framkvæma og stjórna daglegu skólastarfi.

4.1. Teymisvinna

Teymisvinna hefur verið skilgreind sem samvinna tveggja eða fleiri kennara með áherslu á nám nemenda en án sameiginlegrar ábyrgðar á nemendum og daglegum samskiptum.

Í Sunnulækjarskóla vinna allir kennarar í teymum. Umsjónarkennarar mynda teymi á yngsta- og miðstigi, á unglíngastigi mynda faggreinakennarar teymi, list- og verkgreinakennarar, íþróttakennarar og stoðþjónustan mynda einnig sín teymi.

Teymi umsjónar- og faggreinakennara samstanda yfirleitt af þrem til fjórum umsjónarkennurum /faggreinakennurum ásamt sérkennurum, stoðkennurum, þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum. Teymin hafa fastan fundartíma í töflu einu sinni í viku. Fram kom í rýnihópi kennara að teymin kalli að meðaltali inn stjórnendur eða stuðningfulltrúa einu til tvisvar sinnum á ári en oftast ef þurfa þykir. Stjórnendur leggja áherslu á sameiginlega ábyrgð starfsmanna og segja að það sé partur af stefnu stjórnenda.

Kennarar virðast almennt deila með sér verkefnum. Fram kom í viðtölum að samstarf kennara er nokkuð mismunandi eftir teymum og að sum teymi vinna betur saman en önnur. Hvert teymi ber sameiginlega ábyrgð á sínu starfi og setur sér grunnreglur og gerir teymissáttmála í upphafi skólaárs, ýmist skriflegan eða munnlegan. Teymið ígrundar saman, ræða styrkleika og veikleika og finnur þá þætti sem þarfnast umbóta. Teymin skrá fundargerðir á fundum sínum þar sem fram kemur meðal annars verkaskiptin og vinnulag.

Að mati kennara er teymisvinna eitt að aðaleinkunn skólans. Þá nefna þeir að ávinningur teymiskennslunnar sé jafnara vinnuálag, betri nýting á styrkleikum hvers og eins, aukin samvinna og að þeir þekki alla nemendur árgangsins.

4.2. Teymiskennsla

Kennsla nemenda fer fram í teymum í öllum árgöngum skólans. Nemendur eru skráðir í bekki og er mismundi eftir teymum hversu mikið kennarar deila ábyrgð á nemendum.

Kennarar nefna einnig að teymiskennslan er það sem skólinn stendur fyrir. Fram kemur í rýnihópum að það sé gefandi að vinna með stóra hópa og beita fjölbreyttum kennsluháttum. Telja þeir að teymiskennslan geri þeim kleift að vera með fjölbreyttari kennsluhætti og breytilegri námshópa. Einnig kom fram að skipting í námshópa væri oftast byggð á námslegri stöðu nemenda. Á vettvangi mátti sjá að nemendur vinna í flest öllum metnum stundum að sömu verkefnum innan síns hóps.

Í vettvangsathugunum kom fram eins og fyrr segir að markviss samvinna nemenda var 6% í metnum stundum og leiðbeinandi kennsluhætti var ekki að sjá á vettvangi. Fræðandi kennsluættir voru í 92% kennslustunda og einstaklingsvinna í 76% stunda.

Einstaklingsaðstoð er mikil á öllum stigum skólans. Fjöldi nemenda á hvern kennara í kennslustundunum sem matsmenn mátu er frá fjórum og upp í 28 nemendur. Í rúmlega helmingi metinna kennslustunda voru aðrir fullorðnir til staðar, svo sem þroskaþjálfar, sérkennarar eða stuðningsfulltrúar, auk kennara stundarinnar. Á vettvangi mátti sjá að í rúmlega 16% stunda voru stoðkennarar í stundinni og þrír eða fleiri starfsmenn í rúmlega 16% stunda. Eins og fyrr segir eru að meðaltali 14 nemendur á kennara í hverri stund.

Við aðstæður þar sem mönnun er mikil og innlögnin ekki skipulögð er mikilvægt að hafa í huga að einstaklingsþjónusta getur gert aðstoð einhæfa eða takmarkaða þar sem innlögn verður einvörðungu munnleg og kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni markvisst. Einstaklingsþjónusta er heldur ekki alltaf í höndum þeirra sem menntaðir eru til kennslu. Mikil þjónusta getur verið góð en getur einnig leitt til þess að hjá nemendum skapist „lært hjálparleysi“.

Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir eru ánægðir með teymiskennslu en hafa þarf í huga að öll þeirra skólaganga hefur byggst á teymiskennslu. Einnig ræddu þeir um að stundum væri mikill hávaði á milli svæða og það hefði truflandi áhrif á vinnufrið. Þá komu fram skiptar skoðanir um fyrirkomulag teymiskennslu þar sem sumir nemendur voru hrifnir af því að geta leitað til margra kennara meðan aðrir töldu það ekki vera kost.

4.3. Tengsl stjórnenda og teyma

Deildarstjóri stoðþjónustu vinnur með teymum að því að skipuleggja hvaða þjónusta fer inn í hvert teymi. Teymin sjálf ákveða fjölda nemenda í hópum og á hverju skipting byggist.

Þátttaka stjórnenda í teymum er ekki formleg. Lögð er áhersla á að kennarar vinni saman í teymum en ekki er skilgreint hve lengi teymin vinna saman. Stjórnendur taka tillit til óska kennara um teymi þegar því verður við komið.

Eins og fyrr segir og fram kom í rýnihópum er mikilvægt að stjórnendur grípi fljótt inn í samskiptavanda sem upp kemur í teymum og hafi frumkvæði að því að leysa þann ágreining sem upp kemur.

Stjórnendur ræða stefnu í teymisvinnu og teymiskennslu skólans í ráðningarviðtölum. Þegar nýir starfsmenn koma til vinnu fá þeir kynningu á starfsemi skólans. Þegar ný teymi eru mynduð innan skólans funda stjórnendur með þeim og farið er yfir ákveðnar áherslur og greiningar nemenda.

Við breytingu á teymum horfa stjórnendur til þess að mannauður nýtist á sem bestan hátt. Kennarar leggja mikla áherslu á að halda áfram að vinna í því teymi þar sem góð og mikil samstaða myndast.

Í opinberum gögnum skólans er ekki mikið að finna af gögnum sem snúa að markmiðum, framgangi og ávinningi teymiskennslu og teymisvinnu. Langtímasjónarmið eru ekki skráð opinberlega.

4.4. Samantekt

Í rýnihópi kennara kom fram að ávinningur teymiskennslunnar og teymisvinnunnar sé mikil starfsþróun og að kennarar geti beint athygli sinni á starfið sitt mun betur. Samræða þeirra á milli um störf sín og eðli samstarfsins sé einnig í umræðunni. Telja þeir að þar liggi mikil uppspretta og auki starfsþróun þeirra.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að með teymiskennslu og teymisvinnu fái skólinn tækifæri til að mynda teymi með aðkomu til dæmis iðju- og þroskaþjálfara, stoðkennara og/eða sérkennara til að koma til móts við þarfir nemenda og mæta með þeim hætti hugmyndafræði skóla án aðgreiningar.

Í viðtölum við kennara kom fram að þeir telji forsendur þess að teymisvinna og teymiskennsla virki sem skyldi sé að kennarar tileinki sér þessa hugmyndafræði. Allir eru jafnir í teymunum en oft er það þannig að einhverjir í teyminu taki forystu. Skipting hlutverka og ábyrgð er þá gerð munnlega en ekki skriflega. Fram kemur einnig að einn af kostum teymisvinnunnar og -kennslunnar fyrir nýja starfsmenn er að þeir geta gengið inn í verkefnin.

Í viðtölum við foreldra og skólaráð kom fram að almenn ánægja er með teymiskennsluna og að þeirra mati er almennt utanumhald betra og kennsluhættir fjölbreyttir. Einnig kom fram að margir telji það kost að geta leitað til margra kennara varðandi barnið þeirra en aðrir nefndu að öll teymi virki ekki á þann hátt. Fram kom einnig að mikill hávaði sé í rýmum.

Í könnun sem Menntamálastofnum lagði fyrir foreldra var spurt hver upplifun þeirra sem foreldra/forráðamanna væri af teymiskennslunni. Fram kemur í opnum svörum foreldra að margir eru ánægðir með fyrirkomulagið og telja það mjög gott. Það sem oftast er nefnt sem kostur er að nemandinn og foreldri hafi tengsl við fleiri kennara en einn, allir kennarar þekki barnið og svarendur eru ánægðir þegar kennarateymið sem stendur að baki barni þeirra vinnur vel saman. Það sem foreldrar sjá sem ókosti er meðal annars að mikill hávaði er á svæðunum, þeir upplifa mikla óreiðu og óskipulag varðandi kennslu og samskipti, áhyggjuefni sé þegar kennarateymin virki ekki, nemendur skipti ört um kennara yfir daginn og skortur sé á upplýsingum til foreldra.

Þegar foreldrar voru spurðir um hver upplifun barnsins þeirra væri að teymiskennslunni kom fram í opnum svörum að mjög margir voru ánægðir með teymiskennsluna og svöruðu því til að hún væri góð, nemendur væru ánægðir með að hitta aðra krakka í árganginum í hópunum og þeim líkaði vel að vera ekki alltaf hjá sama kennara. Þeir sem voru á öðru máli nefndu að börnin upplifðu óöryggi og kvíða, hávaði væri mikill og að nemendur væru alltaf að skipta um kennara yfir daginn.

Styrkleikar

- Náms hópar eru að jafnaði fremur fámennir á hvern kennara og vel hugað að stuðningi annarra starfsmanna við nemendur.
- Teymisvinna skapar aðstæður til samræða um nám og kennslu og auðveldar að nýta hæfileika hvers og eins og ólíka styrkleika kennara fyrir fleiri nemendur.
- Teymiskennslan gefur kennurum tækifæri á að vinna með mörgum og ólíkum námshópum en um leið að sérhæfa sig í ákveðnu námsefni.
- Foreldrar eru fremur jákvæðir í garð teymiskennslunnar.

Tækifæri til umbóta

- Setja þarf fram áætlun um ávinning og framgang teymiskennslu og teymisvinnu með hagsmuni nemandans í fyrirrúmi.
- Tryggja enn frekar tengsl stjórnenda og teyma, s.s. með heimsóknum í kennslustundir og þátttöku á teymisfundum.

- Stjórnendur séu vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.
- Nýta mannauð til að skapa fjölbreyttari námsaðstæður fyrir nemendur.
- Skrá þarf í áætlanir hvernig einstaklingsmiða á nám nemenda.
- Huga þarf að því að allir nemendur fái verkefni við hæfi.